

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður og eftirfarandi lögtak á að vera óraskað. Áfrýjandi Oddur yfirrettarmálaflutningsmaður Gíslason fyrir hönd gufuskipafélagsins Thore í Kaupmannahöfn greiði stefnda sýslumanni Páli Einarssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 12. ágústmánaðar.

Nr. 46/1906:

Magnús Einarsson

gegn

ábuendum Péturseyjar, Lofti Jónssyni, Árna Jónssyni, Grími Sigurðssyni og Guðmundi Finnssyni.

Dómur:

Hinir stefndu eigendur og ábuendur jarðarinnar Péturseyjar kærðu það skriflega hinn 13. ágúst f.á. fyrir sýslumanninum í Skaftafellssýslu, að farið hefði verið í fuglapláss jarðarinnar Péturseyjar, svonefndan Stórhöfða, og tekinn þaðan fylunqi, »sem í meðalári hefði numið alt að 40—60 kr. virði«, og tilnefndu þeir áfrýjandann Magnús Einarsson í Vík meðal nokkurra annarra, er grunaðir voru um að hafa farið í fuglaplássid og tekið þar fugl. Sýslumaðurinn kallaði þá hina tilnefndu menn fyrir lögreglurétt, er haldinn var 23. ágúst f. á., og hélt nokkurs konar

próf yfir þeim; kom það þá í ljós, að áfryjandinn hafði með hinum öðrum kærðu mönnum farið í fuglplásið, nefndan Stórhöfða, og tekið þar fylunga; var hann formaður fararinnar og hinir í í þjónustu hans við verkið. Áfryjandi lýsti því þá yfir, að hann teldi Stórhöfðann sína eign, og neitaði fyrir því, að hann hefði gjört sig sekan í ólöglegri veiði. Hann bað þá og um nánar tiltekinn frest til þess að leggja fram skjöl í málinu, sem sönnunargögn fyrir því, að hann ætti Stórhöfðann og veiði þar, og skýrði hann jafnframt frá því, að skjöl þessi væru á hans heimili. En með samstundis uppkveðnum úrskurði neitaði dómurinn honum um frestinn, og tók málið upp til dóms, án þess að veita áfryjanda nokkra leiðbeiningu. Var málið síðan dæmt í lögreglurétti Skaftafellssýslu 4. okt. f. á. á þá leið, að því er áfryjanda snertir, að hann skyldi greiða karendunum, ábúendum Péturseyjar, verð 317 fylunga í ágústmánuði eftir óvilhallra dómkvaddra manna mati, svo og allan af málinu leiðandi kostnað með 70 kr., og þar á ofan 5 kr. sekt til sveitarsjóðs Dyrhólahrepps.

Dómi þessum og úrskurðinum frá 23. ágúst f. á. hefir Magnús Einarsson skotið til yfirréttarins með stefnu, dags. 10. nóv. f. á., og krafist þess aðallega, að úrskurðurinn verði úr gildi feldur svo og dómurinn og hinn umbeðni eða hæfilegur frestur veittur til að framfæra sannanir í málinu, en til vara, að hinn áfryjadi dómur verði úr gildi feldur og honum breytt þannig, að áfryjandi verði algjörlega sýknaður af kröfum stefndu, svo og, að hinir stefndu verði, hvernig sem úrslitin verða, dæmdir in solidum til að greiða áfryjanda málskostnað

fyrir báðum réttum. Af sinni hálfu hafa hinir stefndu látið gjöra þá réttarkröfu, að úrskurðurinn og dómurinn verði staðfestir og að áfryjandi verði dæmdur til að greiða hinum stefndu málskostnað fyrir yfirdómi.

Þegar áfryjandi bað um frest í málinu 23. ágúst f. á. til þess að ná í sönnunargögn sín, svo að hann gæti lagt þau fram í málinu, átti dómariinn að veita honum hæfilegan frest til þessa, sbr. tilsk. 15. ágúst 1832, 10., 11. og 12. gr. Það verður því að fella úr gildi úrskurðurinn 23. ágúst f. á. og þar af leiðandi hinn áfryjaða lögregluréttardóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar, þannig að áfryjanda gefist kostur á að koma fram með sönnunar- og varnargögn sín í málinu. Eftir þessum úrslitum þykir og rétt, að hinir stefndu in solidum greiði áfryjanda málskostnað, er ákveðst 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Úrskurðurinn 23. ágúst f. á. og lögregluréttardómurinn í málinu skulu ómerkir vera og heimvísast málinu til löglegrar meðferðar, þannig að áfryjanda Magnúsi Einarssyni verði veittur hæfilegur frestur til þess að koma fram með sönnunar- og varnargögn sín í málinu.

Hinir stefndu Loftur Jónsson, Árni Jónsson, Grímur Sigurðsson og Guðmundur Finnsson greiði in solidum 40 kr. í málskostnað til áfryjanda, og lúkist kostnaðurinn innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.